



Morgunblaðið/Rósa Braga

Hjónin „Sýningin „Umhverfis djúpan fjörð“ er vönduð, úthugsuð og hún hefur – ekki síst vegna ferðaminnisins – gott heildaryfirbragð þrátt fyrir margþættar áherslur,“ segir um sýningu þeirra Hjartar og Guðbjargar Lindar.

Firðir og firnindi

MYNDLIST

ANNA JÓA



Listasafn ASÍ, Freyjugötu.

Guðbjörg Lind Jónsdóttir og Hjörtur Marteinson – Umhverfis djúpan fjörð ★★★★★

Til 22. október 2013. Opíð þri.-su. kl. 13-17. Aðgangur ókeypis.

Þungbúinn himinn, mjóar landræmur á þoku-kennendum mörkum ásamt dularfullum ljósyrirbrigðum eru meðal þess sem ber fyrir augu á sýningu hjónanna Guðbjargar Lindar Jónsdóttur og Hjartar Magnússonar í Listasafni ASÍ. Yfirskriftin „Umhverfis djúpan fjörð“ skírskotar til óravidda himins og hafs. Myndir Guðbjargar Lindar eru til sýnis í Ásmundarsal, verk Hjartar í Gryfju og svo mætast þau í Arinstofunni með blöndu af verkum beggja. Meginuppstaðan í sýningunni eru málverk auk þess sem Guðbjörg Lind sýnir teikningar og Hjörtur fagurlega útskorna hluti sem sumir hafa verið málaðir. Þá getur að líta ýmsa muni í Arinstofu og á gangi. Heiti sýningarinnar visar til ferðalags og á veggjum sýningarsalanna eru einnig textar úr ferðadagbókum: fallegar og dulúðugar landslagslýsingar. Allar votta þær um magnaða reynslu

ferðalanga á óræðum slóðum, líkt og á mörkum draums og veruleika. Hjónin skírskota bæði til slíkrar reynslu í verkum sínum, hvort með sínum hætti.

Blæbrigðarík landslagsverk Guðbjargar Lindar eru lágstemmd og öguð í efnistöku, og þau miðla í senn hversdagslegu og háleitu landslagi. Litatónar eru blágráir, grábrúnir og brúngrænir, og með næmum samleik þeirra framkallar listamaðurinn tilfinningu fyrir veðra- og birtubreytingum. Ljósrónd við sjónbaug er fallega túlkuð í verkinu *Dimmalogn*; í *Vatneyrum* slær túrkislituðum bjarma á hafflötinn og mjólkurlituð birta hvílir yfir *Fjöruvötnum*. Andrúmsloftið í verkunum er rakamettað og þar samþættast himinn, haf og jörð. Þokusuddi og dumbungur eru sterk einkenni á hérlendu landslagi og því er samanburður við landslagsverk Georgs Guðna að ýmsu leyti óhjákvæmilegur. Lita-palletta Guðbjargar Lindar er hins vegar muskulegri og málverk hennar hafa kyrrlátt fortíðaryfirbragð líkt og gamlar ljósmyndir; fyrir vikið virkar landslagið á myndunum fjarlæggt, ólíkt verkum Georgs Guðna sem virðast soga áhorfandann að sér. Ljósmyndir í sýningarborði á gangi á neðri hæð safnsins undirstrika vissa fortíðarþrá í verkum Guðbjargar Lindar. Verk hennar, *Fjörður*, er staðsett lágt á veggnum og bogadregin lína og hátt sjón-

arhorn gætu þó kveikt löngun með áhorfandanum til að samsama sig fuglinum fljúgandi og svifa inn fjörðinn. Raunar stendur útskorinn fugl Hjartar við glugga skammt hjá og horfir til himins.

Svört málverk Hjartar búa ekki yfir þeirri dýpt sem Guðbjörg Lind nær fram í tæknilegri útfærslu. Nálgun hans er fyrst og fremst af táknrænum og hugmyndalegum toga. Verkin vísa í stjörnuhiminninn, svarthol og ýmis geimfyrirbæri en sum verkanna taka á sig fantasiukennda mynd: hnettir minna á augu eða frumur líkamans og í einu verki breytist „næturhiminninn“ í skíði. Í verkum hans leynast skrímsli og furðuskepnur innan um íslenska fugla – sem verða stundum sjálfir að hálfgerðum furðuverum og litfögurum „flugum“. Fagurlega útskornu lágmyndirnar hafa súrrealíska og tennta undirtóna. Bláa verkið í Gryfju, *Hornréttur heimur*, er kraftmikið og í heild er innsetning Hjartar í rýminu hugkvæmnisleg.

Sýningin „Umhverfis djúpan fjörð“ er vönduð, úthugsuð og hún hefur – ekki síst vegna ferðaminnisins – gott heildaryfirbragð þrátt fyrir margþættar áherslur. Ávöl og hringlaga form í verkum Hjartar tengjast lönnum og bogalögðum eyrum í verkum Guðbjargar Lindar og í Arinstofu mætast hjónin í skapandi ævintýri og heimilislegri stemmningu – þar sem eldur kraumar í arni og allt getur gerst.